Agrip 119

af reikningi styrktarsjóðs skipstjóra og stýrimanna við Faxaflóa 1894.

	Tekjur:	Kr.	au.
1.	Innstæða í landsbankanum 31. des 1893	134	01
2.	Árstillög 29 fjelagsmanna	58	00
3.	Inntökugjald 4 manna	12	00
4.	Spilavinningar frá fjelagsmönnum	1	12
5.	Gjafir 9 manna	75	00
6.	Tekjur af «Tombólu»	494	12
7.	Ógoldið fje fyrir tombólumuni, selda við uppboð 30. des. 1894	129	65
8.	Vextir af innstæðu til 31. desbr. 1894	5	10
	Kr.	909	00

	Gjöld:		
1.	Í landsbankanum 31. desbr. 1894	210	23
2.	Hjá gjaldkera s. d.	569	12
3.	Til jafnaðar móti tekjulið 7	129	65
	Kr.	909	00

Útdregið úr reikningi Marteins Teitssonar, dags. 19. jan. 1895.

Auglýsing 120

29. okt.

um styrkveitingar til sveitakennara.

Það auglýsist hjer með almenningi, að auglýsing landshöfðingja um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til sveitakennara, dags. 16. nóv. 1889 (Stj.tíð. 1889 B, bls. 141), er hjer með breytt þannig, að umsóknarbrjefin þurfa eptirleiðis ekki að vera send stiptsyfirvöldunum fyrr en svo, að þau sjeu komin til þeirra í síðasta lagi fyrir miðjan ágústmánuð ár hvert. Skýrslan um kennsluna á að vera rituð á eyðublöð þau, sem út hafa verið gefin í því skyni.

Reykjavík 29. okt. 1895. Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Styrkveitingar úr landssjóði

samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895, 13. gr. B. VI. b. 1.

Til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum var með brjefi landshöfðingja, dags. 24. okt., veittur þessi styrkur fyrir 1895: